

# föströngur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

23. apríl 2010

## ÆVINTÝRI Í AUSTRI

Ólafur Arnalds er ný-  
kominn úr tónleikaferða-  
lagi um Kína og er að  
gefa út nýja plötu.



MARTINE SITBON ER PRÓFDÓMARI HJÁ ÚTSKRIFTARNEMUM Í LHÍ + RÓM-  
ANTÍSKUR OG ROKKAÐUR STÍLL HELENU JÓNSDÓTTUR + VIGDÍS MÁSDÓTTIR  
FRUMSÝNIR TVÖ VERK UM HELGINA

## FJÖLNOTATAEKI • PRENTARI OG SKANNI

Epson SX210

Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440  
punkta upplausn og skannar í 1200 x 2400.  
Prentar allt að 32 bls. á mín. Kortalesari.  
USB. Windows og Mac.



# Kr. 13.950

EPSON

SÆKTU EDA FÁÐU SENT • SENDINGAR-  
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á  
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •  
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is  
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

\* fylgist vel með

## INGIBJÖRG FINNBOGADÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI

Helgin hjá mér mun einna helst einkennast af lestri. Fyrsti prófdagur Háskóla Íslands er á mánudaginn, svo ekki má slá slöku við og freistast í partí. Ég ætla þó að reyna að gefa mér nokkrar pásur og fara þá helst í líkamsrækt, sund og gufu. Mig langar líka að kíkja á útskriftarsýninguna hjá LHÍ-nemum sem verður opnuð á laugardaginn.



helgin  
MIN

### Íslenskur hipsterverfur?

Vefurinn Arrogance leit fyrst dagsins ljós á Reykjavík Fashion Festival og munu höfuðpaurarnir á bak við hann vera grafísku hönnuðirnir og lífskúnstnerarnir Gunnar Þorvaldsson og Hörður Kristbjörnsson. Kjörorð síðunnar er Vanitas est gravitas eða hégómi er alvarlegur en grunur leikur á að þeir félagar séu ef til vill að hæðast að tískubloggurum og þeim hégóma sem felst í tískuheimi samtímans. Hver svo sem þælingin er á bak við verkefnið er Arrogance skemmtilegur tískubloggsvefur og verður gaman að fylgjast með framvindu hans. Slóðin er <http://arrogance.tumblr.com> og einnig er að finna Arrogance á Facebook.



### Ferskir straumar

Á morgun, laugardag, verður opnuð útskriftarsýning nemandna myndlistardeildar og hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskólans í Hafnarhúsinu. Í ár er stór árgangur listnema sem sýna verk sinn og óhætt er að segja að sýningin verði lítrík og spennandi. Meðal þess sem er á boðstólum eru vídeóskúlptúrar, ljósmyndir, skrímslabangsar, samtímalistasafn í Reykjavík, barnabækur, húsgögn, málverk, myndljóð, íslenskir draugar, ímynd kvenna, myndasögur, ljósmyndir, leturtýpur, trilla, tónletur, samgönguvél, þjóðsagnareyjan, gjörningar og tölvuleikur. Sýningunni er stýrt af Daníel Björnssyni, Jóhanni Sigurðssyni og Birni Guðbrandsyni og hún hefst klukkan tvö.

Þetta  
HELST

Leikkonan Vigdís Másdóttir situr ekki ein og saumar þessa helgina:

# FRUMSÝNIR TVÖ VERK UM HELGINA

Þetta verður engin rólegheitahelgi hjá leikkonunni Vigdísi Másdóttur, en hún leikur í tveimur verkum sem verða frumsýnd um helgina. Pólska leikritið Tveir fátækir pólskumælandi Rúmenar verður frumsýnt í kvöld, það verk er eftir Dorota Maslowska, sem mun vera einn fremsti ungi rithöfundur Póllands í dag. Í sýningarskránni er verkinu lýst sem sýrutrippi í gegnum Pólland nútímans, einhvers konar blöndu af ferðalagi Maríu meyjar og Jósefs til Betlehem, Natural Born Killers, Fear and Loathing in Las Vegas, Bertholt Brecht og Samuel Beckett. Vigdís tekur á sig mynd tveggja karaktera í verkinu, auk þess að koma fram í balkanhljómsveit, þar sem hún spilar bæði á slagverk og harmóníku, hljóðfæri sem hún handfjatlaði í fyrsta sinn nýlega.

Á laugardagskvöldið verður svo breska nútímaleikritið Glerlaufin eftir Bretann Philip Ridley, í leikstjórn Bjartmars Þórðarsonar, frumsýnt. Þar leikur Vigdís örvæntingarfulla og viðkvæma konu, pínulítla manneskju, eins og Vigdís lýsir henni, sem er þveröfugt við nærveru hennar sjálftrar. „Líkamlega er ég ekki



Brjáluð helgi Vigdís Másdóttir leikona tekur þátt í frumsýningu tveggja leikverka í nýja leikhúsinu Norðurpólinum í kvöld og annað kvöld.

lítill manneskja, bæði hávaxin og með stóra orku. Þessi kona er ekki með stóra orku, hún er lítil og viðkvæm sál og langt frá þeirri týpísku stóru og sterku konu sem ég er svo oft látin leika, sem er mjög gaman og mikil áskorun fyrir mig.“

Leiksýningarnar tvær eru fyrstu atvinnusýningarnar í leikhúsinu og menningarmiðstöðinni Norðurpólinum, sem er til húsa við Norðurslóð úti á Gróttu. „Það hefur verið óendanlega gaman að mæta í vinnuna á morgnana. Grasrótin og greddan er að fara

með alla þarna,“ segir Vigdís, sem hefur samhliða leiknum verið með námskeið á vegum Leynileikhússins auk þess að lesa inn leikrit fyrir Ríkisútvarpið. „Grínlaust er ég að drukkna, líf mitt er eiginlega óbærilegt þessa dagana. En það er ógeðslega gaman.“ - hhs

## FULLT AF NÝJUM VÖRUM



Kjólar frá  
7.990 kr.

Allir sem versla fyrir  
8.000 kr. eða meira  
fá hálsklút.

Við erum á fyrstu  
hæðinni í Firði.

**MINÐ**

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

Erum með opið á lau.  
kl. 11-16

**FJÖRÐUR**  
[www.fjordur.is](http://www.fjordur.is)

Tískusýning útskriftarnema í fatahönnun:

## Martine Sitbon sest í dómarasæti

Í kvöld sýna þeir sex nemendur sem eru að útskrifast úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands afrakstur námsins á glæsilegri tískusýningu í gamla Byko-húsinu við Hringbraut. Það er ofurhönnuðurinn Martine Sitbon sem verður prófdómari í þetta sinn en Linda Björg Árnadóttir, deildarstjóri í fatahönnun, vann einmitt hjá henni í átta ár í Parísarborg. „Við reynum að fá inn þekktu hönnuði á hverju ári til að dæma verk útskriftarnemanna en Martine er eflaust sá frægasti,“ segir Linda. „Sitbon er þekktust fyrir eigið tískuhús auk þess að hafa unnið sem yfirhönnuður hjá Chloé í átta ár. Hún setti svo á fót tískuhúsið Rue du Mail fyrir um þremur árum. Útskriftarsýningin verður klukkan átta í kvöld og allir eru velkomnir.“

- amb



Einn virtasti hönnuður heims Martine Sitbon fæddist í Marokkó og skaut upp á stjórnuhimininn á áttunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY

\* augnablikið



MÆTT TIL JAPAN

Lady Gaga sýndi klærnar þegar hún lenti á Narita-flugvelli í Japan í síðustu viku. Á Hérmes-handtöskunni hennar stendur „I love small monster, Tokyo love.“

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Stefán Karlsson Ritsstjórni Anna M. Björnsson  
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir  
[sigrurdagny@365.is](mailto:sigrurdagny@365.is) sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Goa  
húsgögn  
**30%**  
afsláttur

Járnhúsgögn  
bekkir og hillur  
**40%**  
afsláttur

áður 9.990,-  
nú 6.993,-

áður 12.990,-  
nú 9.093,-

áður 11.900,-  
nú 7.140,-

áður 8.990,-  
nú 6.293,-

áður 7.990,-  
nú 5.593,-



áður 24.900,-  
nú 14.940,-



áður 26.900,-  
nú 16.140,-



áður 24.900,-  
nú 14.940,-



áður 24.900,-  
nú 14.940,-



áður 29.900,-  
nú 17.940,-



áður 22.900,-  
nú 13.740,-



áður 13.990,-  
nú 8.394,-



áður 19.900,-  
nú 11.940,-



áður 16.900,-  
nú 10.140,-



áður 11.900,-  
nú 7.140,-



áður 16.900,-  
nú 10.140,-

the  
**PIER** kemur stöðugt á óvart  
www.pier.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# ÆVINTÝRI Í AUSTRI

**Ólafur Arnalds er tuttugu og þriggja ára gamall tónlistarmaður og tónskáld sem gefur nú út sína fjórðu plötu, „And they have escaped the weight of darkness“ undir merkjum Kölska. Ólafur hefur fengið feikilega mikla athygli á erlendri grund fyrir neoklassíska tónlist sína og er nýkominn úr tónleikaferðalagi um Kína.**

Viðtal: Anna Margrét Björnsson  
Ljósmynd: Stefán Karlsson og úr einkasafni

Við Barði vorum að vinna plötuna saman og ég spurði bara eitt kvöldið hvort hann vildi ekki bara gefa hana út,“ segir Ólafur um nýtt samstarf sitt við tónlistarútgáfuna Kölska sem er undir færri stjórn tónlistarmannsins Barða Jóhannssonar. „Þetta var ekkert flóknara en það. Við Barði vinnum virkilega vel saman og samstarf okkar

hefur gengið fullkomlega upp.“ Að sögn Ólafs er nýja platan frá-brugðin fyrri plötum hans að því leyti að hún er útsett fyrir mun fleiri hljóðfæri. „Ég held líka að það sé aðeins léttara yfir henni en fyrri verkum, hún er meira upplífandi.“ Vill hann meina að hress plata sé væntanleg frá tónlistarmanninum sem er lofaður fyrir ægífagra, angurværa og dramatíska tóna? „Nei, þetta er engin partíplata,“ segir hann og skelli-hlær. „En svona miðað við mig þá er þetta hressara en ýmislegt annað sem ég hef gert.“ Platan heitir einmitt því upplífandi nafni „And they have escaped the weight of darkness“ en nafnið er kvót úr ungverskri bíómynd. „Myndin er í miklu uppáhaldi hjá mér og heitir Werckmeister harmóniák eftir leikstjórnann Béla Tarr. Platan er í raun byggð upp í kringum eina senu í myndinni, einu löngu skoti þar sem róni er að lýsa sólmyrkva. Konsept plötunnar og útlit er lauslega byggt á þessu.“

## BJÖRK SKEMMDI FYRIR Í KÍNA

Þriggja vikna langri Kínaferð var að ljúka hjá Ólafi en þetta var í fyrsta sinn sem hann heimsótti landið. „Þetta tónleikaferðalag gekk mjög



„Engin partíplata“ Ólafur segir að léttara sé yfir nýju plötunni en fyrri verkum sínum.



Náttúruverndarþing náttúruverndarsamtaka á Íslandi

## NÁTTÚRUVERND Á KROSSGÖTUM VÖRN OG SÓKN

Málþing í Menntaskólanum við Hamrahlíð laugardaginn 24. apríl

Dagskrá kl. 10.00-15.30

Setning • Ólafur Páll Jónsson, heimspekingur

Ávarp • Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra

Jarðminjar í kreppu • Sigmundur Einarsson, jarðfræðingur

Rammaáætlun - Hvað svo? Náttúran og löggjöfn

• Katrín Theódórsdóttir, lögmaður

Endurheimt votlendis og loftslagsbreytingar

• Einar Þorleifsson, Náttúruvaktin

Staða náttúruverndar í dag • Árni Finnsson, formaður

Náttúruverndarsamtaka Íslands

Náttúruverndarsamtök – þýðing og mikilvægi • Björgólfur

Thorsteinsson, formaður Landverndar

Hádegishlé kl. 12.00-13.00

Málstofur að hætti Heimskaffis um verkefni framundan og leiðir til að takast á við þau.

Ályktanir náttúruverndarþings

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til Landverndar í síma 552

5242 eða sendið póst til [sigrunpals@landvernd.is](mailto:sigrunpals@landvernd.is)

ALLIR VELKOMNIR!

vel, tónleikarnir voru góðir og aðsókn var mikil. Hong Kong var algjört ævintýri, manni leið eins og maður væri ekki staddur í raunveruleikanum. Hins vegar þegar maður fór svo yfir til Kína þá fór maður að skilja hvað þetta er lokað land og framandi menningarheimur. Rokktónleikar er nokkuð ný hugmynd fyrir þeim.“ Minnisstætt er þegar Björk kom kínverskum stjórnvöldum í mikið uppnám fyrir rúmum tveimur árum þegar hún söng lagið Declare Independence og kallaði „Tíbet!“ yfir áhorf-

endasalinn. „Það var áhugavert að spjalla við Bandaríkjamanninn sem skipulagði tónleikaferðina mína þar sem hann hafði skipulagt þessa Bjarkartónleika og hann sagði mér alla sólaröguna. Hann flutti til Kína með það markmið að kynna þar vestræna menningu og þeirri von að þetta væri lítil liður í að opna landið og breyta hugsunarhættinum þar og gera eins konar litla byltingu innan frá. Fyrir um sex árum varð aðeins auðveldara að flytja hljómsveitir inn til landsins. Ríkisstjórnin var orðin aðeins afslappaðri gegn þessu og að þetta væri ekki svo slæmur hlutur.

Nú er það þannig að þegar maður kemur sem tónlistarmaður til Kína þarf maður að skrifa undir samning þess efnis að maður muni ekki gera neitt til að ógna kínverskum stjórnvöldum á meðan maður er í landinu. Eins þarf að senda öll lögin til Kína ásamt textum til samþykkis. Í stuttu máli þá hafði Björk ekki sent þetta tiltekna lag til samþykkis og því kom uppákomman öllum að óvörum. „Þetta gerði ekkert nema að skemma fyrir. Meira að segja þeim Kínverjum sem eru alveg sammála henni um málefni í Tíbet fannst hún koma dónalega fram og eyðileggja þessa upp-



„Kínamúrinn var töff“ Hér er Ólafur ásamt hljómsveit sinni í skoðunarferð um eitt stærsta undur mannkynsins, Kínamúrinn.



Uppáklædd Ferðalagið var einstakt tækifæri til að kynna þeim framandi menningarheimi sem fyrirfinnst í hinu lokaða kommúnistalandi, Kína.

byggingu sem hafði átt sér stað. Það verður að skilja að þetta er svo allt öðruvísi menningarheimur en okkar og allt öðruvísi hugsunarháttur en okkar. Þegar Björk gerði þetta voru mennirnir sem ráku tónleikafyrirtækið handteknir umsvifalaust, þeir fengu himinháar sektir og fullt af fólki missti vinnuna. Um tíma lokaði Kína alfarið fyrir erlenda tónlistarmenn.“

**RIFRILDI UM HVÍTVÍNSHLÉ**

Nýlega hafa stjórnvöld opnað litla gátt aftur til hins vestræna tónlistarheims og Ólafur segir að tónlistarsenan í Kína sé fjölbreytt og skemmtileg. „Rokktónlist er svo nýtt fyrirbæri hjá þeim að ég myndi segja að það sem þeirra eigin hljómsveitir eru að gera sviði til þess sem var í gangi á Vesturlöndum fyrir meira en tíu árum síðan. Það var skondið að sjá að Richard Marx var að túra Kína á sama tíma og ég og hann var alveg gríðarlega vinsæll þar,“ útskýrir hann og hlær. En var þá Ólafur ekki of framúrsteftnulegur fyrir Kínverja? „Ég held að ég sé einmitt nógu klassískur fyrir þá. Indí-krakkarnir í Kína fíla klassíska tónlist og finnst hún töff. Indí-krökkunum á Íslandi finnst klassísk tónlist vera fyrir lúða. Nema kannski með undantekningunni Hjaltalín,“ segir hann kíminn. „Það er auðvitað mjög mikið af frábæra færum klassískum tónlistarmönnum í Kína, fólki sem er menntað undir heraga.“ Þessi áhugi á klassískri tónlist í Kína olli á stundum dálitlum miskilningi á tónleikaferðalaginu. „Ég spilaði í gamalli, risastórri og virtri tónlistarhöll í Peking þar sem voru vanalega aðeins klassískir tónleikar. Þegar ég kom á staðinn voru þeir búnir að prenta út efnisskrá líkt og um klassíska tónleika væri að ræða og ég var inntur eftir því hvort það yrði ekki örugglega hlé í miðjum tónleikum.“ Ólafur segist hafa hlegið og útskýrt að þetta væru ekki klassískir tónleikar með hvítvínshléi í miðjunni en þá varð allt brjáláð. „Þeir sögðu að það væri ekki hægt að breyta þessari hefð og úr varð stórmál og mikið rífrildi.“

Að lokum féllust þeir á að prógrammið yrði leikið án hlés en skilyrðið var þá að við yrðum að spila hálf tíma lengur til að tímasetningin gengi upp. Þetta var auðvitað vandamál þar sem við hreinlega áttum ekki hálf tíma í viðbót af tónlist. Ég settist þá niður með einum fíðuleikaranum hálf tíma fyrir tónleika og við vorum sveitt og stressuð að finna upp eitthvað til að fylla upp hálf tímann. Við enduðum á því að gera eitthvað svakalega hægt, eina og eina nótu með þögnum til að fylla upp í tímann.“ Hann skelli hlær að minningunni og segir þetta hafa verið einkennilegasta atvikið sem hann varð fyrir í Kína, á ferðalagi sem annars hafi verið stórskemmtilegt og fræðandi. „Ég var svo heppinn að fá að ferðast dálítið um og fékk að skoða Kínamúrinn. Hann var mjög töff.“

**SETUR ÚT TÓNLIST FYRIR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIR**

Ólafur situr aldrei auðum höndum og eftir skamman tíma leggur hann upp í aðra tónleikaferð sem er að þessu sinni til Evrópu. „Svo er platan að koma út erlendis en ég hef fengið að sjá nokkra væntanlega dóma í tónlistarpressunni og þeir hafa verið mjög góðir. Stærsta verkefnið sem er svo á dagskrá hjá mér á næst-

unni er röð af tónleikum með stórum sinfóníuhljómsveitum en fyrstu slíkir verða í Manchester með áttatíu manna hljómsveit. Ég sný svo aftur til Kína í haust og spila ásamt sinfóníunni í Sjanghæ.“ Spurður um hvort það sé ekki gríðarlega flókið mál að útsetja fyrir heila sinfóníuhljómsveit jánkar hann því en segir að maður læri ekkert nema að henda sér ótrauður út í hlutina. „En auðvitað er það snúið að skrifa nótur fyrir hljóðfæri sem ég kann ekkert á, eins og til dæmis hörpu. En ég reyni og hef sloppið með skrekkinn hingað til.“ Um helgina er Ó-

afur svo að sýna á sér enn aðra hlið en um nokkurt skeið hefur hann unnið að verkefninu Kiasma sem er danstónlist. „Ég spila á skemmtistaðnum Venue á laugardagskvöldið ásamt plötusnúðunum Kárius og Baktus.“ Ég spyr Ólaf hvernig sé eiginlega hægt að vera að gera svona mikið í einu og hvað hann eigi eiginlega eftir að gera eftir tuttugu ár? „Þá verð ég örugglega útbrunninn og búinn á því,“ segir hann og hlær. „Etlí ég ranki ekki við mér eftir fimm ár og segi við sjálfan mig, „Hei, hvað er ég eiginlega að gera?“ og drífi mig í lögfræði eða eitthvað.“



Góð aðsókn „Kínverskir indí-krakkar fíla klassíska tónlist,“ segir Ólafur.

# Signatures Of Nature

Náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur



30% afsláttur af öllum Yes to snyrtivörum

**NYTT • NYTT**  
**15-30% afsláttur nú um helgina**  
**NYTT • NYTT**

- 100% náttúra
- lífrænt
- engin kemísk efni
- án paraben
- allt fyrir konur menn og börn
- allt fyrir andlit, líkama og hár

**Mina Dögg**  
 Flöppuðúttur leikkona

Ég nota snyrtivörur frá Signatures of nature og þær hafa hjálpað mér mikið með því að viðhalda jafnvægi í húðinni. Ég vinn mikið með smink á mér bæði í andlit og líkama og þarf því að hreinsa húðina vel og koma í veg fyrir ofur-viðkvæmni og eftir að ég fór að nota snyrtivörur frá Signatures of nature er mér nákvæmlega að takast það. Öllu-body skrubburinn fyrir líkama og andlitakremin eru sérstaklega að gera vel fyrir mína húð. Finn mikinn mun eftir notkun. Í gegnum mína reynslu get ég eindregið mælt með snyrtivörum frá Signatures of nature og þá sérstaklega fyrir þá sem eru með viðkvæma húð.

**Katrín Fjeldsted**  
 innviðit

Á veluma er ég með mjög þurra húð og er alltaf í leit að fínri fultókenu vörum svo um leið og hignar í veðri að þá breytist húðin á mér. Ég hef lesið mér mikið til um umbröu húðammar og prófað mjög margar vörur. Þegar ég hefði af nýri vöruslan sem væri með náttúrulegar húð og snyrtivörur í miklu orði var ég öll eynuf linnur af öllum vörum er óstöðulegar án þess að þingva sér uppá milli. Virkin í vörunum er ótrúleg góð. Húðin á mér er þá þurr en hún er líka mjög viðkvæm og þarf af leiðandi þarf ég að vanda valið. Signatures-vörur eru yndislegar í alla staði og ég mæli eindregið með þeim. :) Ég veit ekkert betra til að efla líkama og sé en að koma heim, sita renna í bað, setja baðbú og baðbóm út í frá nýju Flowers línum þeirra, nota skrubbið og leggast svo í bleið tæki fyrir. Í dagóttan tíma, þegar upp er er komið að nota þá Flowers bodybuter, og svo annað hvort andlit-dagkremið eða natúrkremið. Svona virklega Í ALVORLITNI, efratrakarverð veliðan :)

**Maria Heba Þorkelsdóttir**  
 leikkona

Líf okkar er stundum flókið og álagið getur verið mikið. Við viljum öll, konur og karlar, standa okkur í leik og starfi og til þess að það megi verða þurftum við að hlúa vel að okkur sjálfum. Vörur frá Signatures of Nature koma eins á himnasending nú þegar krepjur að og buðan er léttari en oft. Hér er á ferð frábær vara á frábæru verði. Ég hef mælt með Signatures of Nature við vinur mínar og mómmu mína. Ég mæli með Signatures of Nature fyrir þig, ... og alla þá sem þér þykir vænt um.

**Kolbrún Björnsdóttir**  
 fjölmiðtakona

Nature Scent líkamslínan er himnasending fyrir þurra húð, hvort sem um er að ræða sturtscrub, olíuna eða bodybuter. Ég fann strax mikinn mun á andlitinu eftir að ég byrjaði að nota dagkremið frá Nature Scent. Stór kostur finnst mér að það er án allra rotvamárefta og inniheldur Barbádensís, sína bestu áttkvísi Aloe vera plöntunnar.

**NYTT**  
 • PARABEN FREE  
 náttúrulegt, lífrænt,  
 frábær krem, maskar

**NATURESCENT**  
 hentar fyrir alla

Verisaniir okkar eru í **Smáralind**  
 2. hæð við D-ingang sími 511-10-09

snirtivoruversluin  
**andorra**  
 Stúdíó Helga Sæunn  
 skrifaocou.is sími 555 2015

# núna

\*skyggjnst í fataskápinn



**SVANIR** Þessi yndislega röndotta peysa með rauðum svönum er frá Top Shop. Hún er skemmtilega vorleg og lítur út fyrir að vera hátískuhönnun.



**1** Hvíti samfestingurinn er úr Top Shop og svo er ég í stuttbuxnapils frá japanska hönnuðinum Tsumori Chisato. Sökkabuxurnar eru frá Gaspard. **2** Rauði kjóllinn er úr nýju sumarlínu Marc Jacobs og er splunkunýr. Ég hef aðeins notað hann einu sinni. Sökkabuxurnar eru frá Gaspard Yurkevich. **3** Skórnir eru þeir nýjstu úr Kron By Kronkron línunni. **4** Rauður kjóll frá Peter Jenssen. **5** Veski úr Rokki og rósum og er í miklu upphaldi. **6** Skyrtta frá Marc Jacobs.

Helena Jónsdóttir, starfsmaður í KronKron

## ROKKUÐ RÓMANTÍK

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Ég get verið mjög rómantísk. Ég elska gamla hluti og gamlar blúndur en mér finnst gaman að rokka það upp með leðri og mikilli augnmálningu eða villtu hári.

**Hverjar/hverjir eru helstu tískufyrirmyndir þínar?** Ég er ástfangin af Soniu Rykiel sem hönnuði og mér finnst leikkonan Chloé Sevigny alltaf ofsalega flott til fara.

**Hverjar eru uppáhaldsverslanir þínar?** Ég er að vinna í KronKron og á mikið af fötum þaðan. Annars versla ég mjög oft fót í Rokki og rósum og næ mér svo í boli og aðrar nauðsynjar í Top Shop.

**Hvað er það síðasta sem þú keyptir þér?** Ég fékk mér sökkabuxur frá Gaspard Yurkevich og háa hanska úr ull og silki frá Soniu Rykiel.

**Hver eru stærstu tískumistölk sem þú hefur gert?** Þegar ég var sautján ára fór ég með þabba mínum til Kanaríeyja. Ég



**5** veit ekki hvað gekk að mér í þessari ferð en allt sem ég keypti mér var alveg hræðilegt. Meira að segja þabbi var gapandi yfir sumu.

**Hvar finnur þú fjársjóði í Reykjavík?** Stundum í Fríðu frænku eða Rokki

og rósum en virðist vera svo óheppin að finna aldrei neitt í Kolaportinu eins og svo margir.

**Hvað er alveg bannað samkvæmt þínum bókum?** Mér finnst skelfilegt þegar fólk fer í eitthvað bara af því það er í tísku og gleymir að setja sitt mark á stílinn.

**Efst á innkaupalistanum fyrir sumarið?** Það eru hryllilega flott sólgleraugu frá Chanel sem ég ætla að gefa sjálfri mér í afmælisgjöf. Þau bíða eftir mér í friðhöfninni þegar ég fer til útlanda í maí.

-amb

GOTT VERÐ OG FRÁBÆR GREIÐSLUKJÖR

fyrir þá fjölmörgu sem þurfa að kaupa ný dekk fyrir sumarið.



Frábær kjör á öllum dekkjum!

- Dekk undir:
- Fólksbíla
  - Jeppa
  - Mótorhjól
  - Sendibíla
  - Vörubíla
  - Rútur
  - Vinnuvélar
  - Traktora
  - Hjólhýsi
  - Kerrur

**o.s.frv., o.s.frv.**



ÞJÁR FULLKOMNAR ÞJÓNUSTÖÐVAR

**pitstop**

Rauðhelli 11, Hfj.  
568 2035

Hjallahrauni 4, Hfj.  
565 2121

Dugguvogi 10  
568 2020

# VORTILBOÐ!

2 GERÐIR - 4 STÆRÐIR - EITT VERÐ!

heilir  
**STURTU**klefar

**69.900** stgr

Hert öryggisgler allan hringinn Nuddsturtuset fylgir



til  
afgreiðslu  
af lager

**HERT  
ÖRYGGISGLER**

**KANTAÐUR**

80x80 **69.900** stgr. 90x90 **69.900** stgr.



**HERT  
ÖRYGGISGLER**

**RÚNNAÐUR**

80x80 **69.900** stgr. 90x90 **69.900** stgr.

INNRETTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:



[www.i-t.is](http://www.i-t.is)



- fyrir þitt heimili

Opð virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Rósa Birgitta Ísfeld  
söngkona



Dagurinn byrjar auðvitað á því að ég fæ morgunmat í rúmið með mímósu.

Næst myndi ég fara í bæinn með dóttur mína og kíkja svo á Kaffismiðjuna í kaffibolla.



Ferðinni er svo heitið í vesturbæinn til ömmu, fæ þar aðeins meira kaffi og kannski eitt-hvað með því!

Næst hringi ég í Ása vin minn og fæ hann í smá sushi og hvítvín áður en við kíkjum út á lífið.



Svo langar mig að kíkja á sýningu LHÍ og þaðan beint á P þar sem fyrsta tónlistarmyndband Feldbergs verður frumsýnt um niuleytið!



ICELANDSUMMER.COM  
-áhyggjulaust sumarfrí

101  
VINSÆL  
PÓSTNÚMER  
105

# FÁÐU GREITT FYRIR AÐ FARA Í FRÍ Í SUMMAR!

Jón og Gunna í Reykjavík ætla í sumarfrí með fjölskylduna, þau skipuleggja 3 vikna sumarfrí í júlí. Þau ákveða að skrá eignina sína til orlofsleigu þann tíma á vefsíðu Iceland Summer og ef hún leigist út fá þau vel greitt fyrir!

Tökum dæmi: Þau eru með 3 herbergja íbúð og þá geta þau fengið allt að 367.500 í sinn hlut án mikillar fyrirhafnar. Svo auðvelt er það!

Iceland Summer finnur leigutaka fyrir orlofsíbúðir á Höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Hveragerði, Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og á Suðurnesjum. Unnið er að því að bæta við öðrum byggðarlögum. ATH, póstnúmerin 101 og 105 eru vinsælasti dvalarstaður ferðamanna. Ef þú býrð á þessum svæðum þá getur þú skráð þína eign. Sjá vefsíðu:

ICELANDSUMMER.COM  
Skráning á vefnum er ókeypis!

SKRÁÐU EIGN ÞÍNA NÚNA  
SKRÁNING ER Í FULLUM  
GANGI. sjá: www.icelandsummer.com



### FÁÐU LEIGUTEKJUR Á MEDAN ÞÚ ERT Í FRÁINU!

Fyrirhöfnin að vinna sér inn þessar aukatekjur ætti ekki að vera meira en nokkrar léttar kvöldstundir. Til að leigja út íbúðina þína þarftu að tæma alla persónulegu muni úr íbúðinni þinni, setja í kassa og geyma í einu af læstum herbergjum íbúðarinnar eða í geymslunni. Það er því til mikils að vinna með því að skrá eignina hjá Iceland Summer. Iceland Summer ábyrgist ekki að íbúðin leigist út en við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að koma henni á framfæri og í útleigu - það er okkar sameiginlegur hagur. Þú ert hóteltjórinn og þú leigir út það sem þú vilt (skv. 3. gr laga um Heima- og íbúðagistingu 85/2007). Hér til hliðar eru nokkur dæmi sem vert er að skoða.

### DÆMI UM GREIDSLUR BEINT TIL EIGANDA:

2ja herbergja	3 vikur	294.000
3ja herbergja	3 vikur	367.500
4ra herbergja	3 vikur	441.000
Raðhús + h.pottur	3 vikur	520.000
250 fm einb. m. öllu	3 vikur	630.000

7% skattur er innifalinn í dæmum.

## ICELAND SUMMER

Strandgata 11 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 511 4545 • leiga@icelandsummer.com • icelandsummer.com

Tíska, fegurð, hönnun,  
lífið, fólkið, menning  
og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:  
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

# föstudagur

Fylgstu með